



Alþingi  
Kirkjustræti  
150 Reykjavík

Skagafjörður, 12. nóvember 2020  
nr. erindis 2011056 SIS

Á 939. fundi byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar þann 11. nóvember 2020 var tekið fyrir neðangreint erindi.

## Umsagnarbeiðni; þingsályktunartillaga um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar

Svofelld bókun var gerð:

Lagður fram tölvupóstur dagsettur 5. nóvember 2020 þar sem umverfis- og samgöngunefnd Alþingis sendir til umsagnar tillögu til þingsályktunar um þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar, 39. mál.

Byggðarráð Sveitarfélagsins Skagafjarðar fagnar fram kominni þingsályktunartillögu þess efnis að efnt verði til þjóðaratkvæðagreiðslu um framtíð Reykjavíkurflugvallar. Byggðarráð er einhuga um að flugvöllur og miðstöð innanlands- og sjúkraflygs skuli vera áfram í Vatnsmýri í Reykjavík uns jafngóður eða betri kostur verði tilbúinn til notkunar. Ljóst er að Reykjavíkurflugvöllur gegnir mikilvægu og fjölþættu hlutverki í samgöngum og öryggi fyrir íbúa landsbyggðanna, m.a. hvað varðar öryggishagsmuni eins og greiðu aðgengi að lífsnauðsynlegri lækniþjónustu á höfuðborgarsvæðinu. Mínútur telja þegar mannlíf eru í húfi. Flugvöllurinn gegnir einnig lykilhlutverki í tengingu landsbyggðanna við opinbera grunnþjónustu og mikilvægar opinberar stofnanir sem flestar eru staðsettar á höfuðborgarsvæðinu. Í þessu máli þarf að huga að sjálfsákvörðunarrétti sveitarfélaga í skipulagsmálum en á það skal bent að Reykjavíkurflugvöllur er samgöngumannvirki sem þjónar öllum íbúum landsins. Vandséð er hvernig unnt er að rjúfa þá tengingu án þess að hugað verði að tilflutningi á starfsemi þjóðarsjúkrahúsins og stjórnslu ríkisins þangað sem landið allt á greiðar og öruggar samgöngutengingar við.

Þessi afgreiðsla byggðarráðs tilkynnist hér með.

Virðingarfyllt,  
f.h. byggðarráðs Sveitarfélagsins Skagafjarðar

  
Sigfus Ingi Sigfússon  
sveitarstjóri